

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi

Erindi nr. P/13 1591

komudagur /3/2 1991

Reykjavík, 11. febrúar 1991.

ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Á fundi allsherjarnefndar efri deildar Alþingis þann 8. þ.m. var gerð nokkur grein fyrir viðhorfum embættis ríkissaksóknara til framkomins frumvarps til laga um meðferð opinberra mála (98. mál, þskj. 101). Brtt., sem þá voru reifaðar, eru þessar helstar:

1. 2.máls1. í 1. tölul. 20. gr. orðist svo: Birting á ákærum, dómum og úrskurðum skal fara fram fyrir þeim manni sjálfum sem í hlut á en fyrirköll, kvaðningar og aðrar tilkynningar í opinberum málum má birta á heimili ákærða eða dvalarstað.
2. Orðin "og gefur honum fyrirmæli um framkvæmdir í því efni" í niðurlagi 2. tölul. 26.gr. falli niður.
3. Í c lið 1. tölul. 28.gr. falli niður orðin "upptaka eigna eða varðhald"
4. 3. tölul. í 29.gr. orðist svo: Ríkissaksóknari sækir mál fyrir Hæstarétti en hann getur falið vararíkissaksóknara og saksóknurum flutning máls. Ennfremur getur hann í sérstökum málum falið hæstaréttarlögmanni flutning máls fyrir Hæstarétti. Nefnist hann þá saksóknari og hefur skyldur sem slíkur.
5. Upphaf 3. tölul. 119.gr. orðist svo: Þegar héraðsdómara hefur borist ákæra útgefin af lögreglustjóra, sbr. 28.gr., athugar hann ... (og síðan óbreytt)
6. Upphaf 1. tölul. 120.gr. orðist svo: Þegar héraðsdómara hefur borist ákæra útgefin af ríkissaksóknara eða dómari telur, sbr. 3. tl. 119. gr., að skilyrði séu til að taka mál til meðferðar, ákveður hann ... (og síðan óbreytt)

7. 3. tölul. 120.gr. orðist svo: Birting ákæru, og eftir atvikum fyrirkalls ef unnt er, skal hafa farið fram innan fjögurra vikna frá útgáfudegi ákæru, nema sérstakar aðstæður hamli birtingu. Ákærði skal þá spurður hvort hann óski eftir verjanda ... (og síðan óbreytt)
8. 4. tölul. 120.gr. orðist svo: Lögreglustjóri endursendir dómara ákæru og fyrir kall begar að birtingu lokinni.
9. 3. tölul. 133.gr. orðist svo: Ákærði skal að öðru jöfnu vera viðstaddur dómsuppsögu og telst dómur þá birtur en dómari gerir ella nauðsynlegar ráðstafanir, sbr. 20. gr. til þess að dómur sé birtur svo fljótt sem verða má og sendur ríkissaksóknara.
10. 151.gr. umorðist og verði orðrétt eins og gildandi 4.mgr. 175.gr. laga nr. 74, 1974.
11. 1. tölul. 153.gr. orðist svo: Ákærði skal lýsa yfir ákvörðun sinni um áfrýjun fyrir þeim sem birtir dóm eða að öðrum kosti tilkynna héraðsdómara ákvörðun sína bréflaga innan fjögurra vikna frá birtingu dóms, og láta um leið uppi, ef því er að skipta, í hverju skyni áfrýjað er, hvort máli sé áfrýjað í heild sinni eða einvörðungu um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Annars skal líta svo á að hann vilji hlíta dómnum.
12. Við 163. gr. bætist nýr 2. tölul.: Dómar Hæstaréttar skulu, án sérstakrar birtingar, sendir fangelsismálastofnun með þeim hætti sem tíðkast hefur. (sbr. 189.gr. gildandi laga nr. 74, 1974)

Fyrir milligöngu yfirsakadómara hafa undirrituðum verið sýndar brtt. og grg., sem eru í undirbúningi af hálfu yfirsakadómara og dómara við sakadóm Reykjavíkur og tókum við í öllum megin atriðum undir þær og grg, og þá sérstaklega niðurlag athugasemda þeirra um ákvæði V. kafla frv. um ákæru-valdið, en um þessi ákvæði fjölluðum við sérstaklega á fundi okkar með nefndinni þann 8. þ.m.

Með virðingu

Heffloeyri, Guineo
Ólafur Atvarann.

Til allsherjarnefndar Ed.
b.t. Þórðar Bogasonar
Alþingi.